

### **33. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 28. mars 2022 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Sigurður Sigurjónsson, Elsa Ingjaldsdóttir, Þröstur Jónsson sem varamaður Bjarneyjar Vignisdóttur, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Gengið var til dagskrár:

#### **1. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2021.**

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2021. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 78.682.615. Rekstrargjöld ársins eru kr. 66.372.572 og þar af afskriftir kr. 11.668.147. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 6.031.086. Hagnaður ársins eftir skatta er kr. 3.918.069. Fjárfesting ársins voru tæpar 78,5 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

#### **2. Ársreikningur Hrunaljóss 2021.**

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2021. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 12.497.367. Rekstrargjöld ársins eru kr. 10.946.151 og þar af afskriftir kr. 3.988.331. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 8.235.591. Tap ársins er kr. 6.684.375. Fjárfesting ársins var nettó tæp 1 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

#### **3. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu vatnsveitu 2021.**

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs vatnsveitunnar á árinu.

#### **4. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu fráveitu 2021.**

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs fráveitunnar á árinu.

#### **5. Skoðunarferð**

Að fundi loknum fór aðal- og varastjórn veitustjórnar í skoðunarferð til Selfossveitna..

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 14:15.